

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

1871.
24. júní.

Með bræfi 27. febr. p. á. hefir amtið sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Möðruvalla klausturs, þorsteinn dannebrogsmaður Danielsson, fer þess á leit, að leiguliðanum á klausturjörðunni Hnjúki, Jóhanni Jónssyni, verði gefin upp eins árs landskuld sem þóknun fyrir frábæran dugnað hans og framtakssemi, þar sem hann hefir hlaðið garð um túnið, og er byrjaður á að girða um allmikið svæði til þess að rækta það og gjöra þar tún, og jafnframt búið til veg upp að bænum; um leið og amtið getur þess, að slík ástundun eigi það skilið að hljóta verðlaun, hefir það stungið uppá, að tæðum leiguliða verði veittir 25 rd. í verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, með því skilyrði, að hið opinbera gefi honum upp helminginn af leigu og landskuld fyrir yfirstandandi fardagaár, sem nemur 190 álfum.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, og hirtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið bæði fellst á það, að tæðum leiguliða sé veitt 25 rd. verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, og gefur honum upp helming leigu og landskuldar fyrir fardagaárið 1871—72.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins.

24. júní.

Með bræfi, dagsettu 27. febrúarm. p. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem lærisveinn í hinum lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sækir um, að fá leyfi konungs til að mega vígjast til prests og taka ámóti veitingu á Stað í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi, og hafið þér jafnframt farið þess á leit, að stiptysfirvöldunum verði veittur myndugleiki til, að veita tæðum lærisveini brauðið með fyrirheiti um, að honum skuli veitt eitt af

1871.

24. júní.

meðalbrauðum landsins, þegar hann hafi þjónað fyr nefndu brauði vel um 8 ár.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að stjórnarráðinu finnst það ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stétt, sem ekki hefir fullnægt svo hægum skilyrðum, sem þau mega kallast, er útheimtast til menntunar og lærdóms íslenzkra presta. Þetta virðist ekki mega eiga sér stað, nema standi mjög sérstaklega á, en í þessu tilfelli eru málavextir ekki þannig; stjórnarráðið finnur sér þess vegna ekki fært, að útvæga stíptisyfirvöldunum myndugleika til þessa.

26. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stíptisyfirvaldanna á Íslandi, um bóka gjöf eptir sèra Þorgeir Guðmundsson til stíptisbókasafnsins á Íslandi.

Ekkja eptir sèra Þorgeir Guðmundsson, prest að *Nysted* og *Herritslev* á Lálendi, hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að maður sinn heitinn hafi ákveðið, að bókasafn hans skyldi eptir hans dag vera eign stíptisbókasafnsins á Íslandi, og hefir hún mælt til, að fá aðstoð stjórnarráðsins til að koma bókunum þangað.

Um leið og vèr sendum yður, herra stíptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, bókasafn þetta í sex kössum, merktum »Ísland«, ásamt með bókaskrá og brèfi í umslagi til forstöðumanna stíptisbókasafnsins, skal því við bætt, að borga má flutningskaupið af því fè, sem til tekið er í 11. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir 1871—72, og hefir landfógeta í dag verið skrifað að láta af hendi þetta fè, er þér heimtið það; stjórnarráðið býst við, að fá vitneskju um, að þér hafið tekið við bókasafninu, og um það, hve mikið verði goldið fyrir flutninginn á bókunum.